

## **175. þingflokksfundur, mánudaginn 29. ágúst 2016, kl. 13.**

Fundinn sitja: Ásta Guðrún, Birgitta, Helgi Hrafn og Guðjón.  
Berglind ritar fundargerð.

### **1. Fundargerð**

Fundargerð 174. þingflokksfundar var samþykkt.

### **2. Dagskráin í dag**

Farið var yfir dagskrána í dag. Birgitta tekur til máls í óundirbúnum fyrirspurnartíma og spyr mennta- og menningarmálaráðherra út ákvörðunina um að lögreglunámið fari fram í Háskólanum á Akureyri.

### **3. Bréf af fundum þingflokksformanna og forsætisnefndar**

Birgitta gerði grein fyrir því sem fram fór á þingflokksformannafundi og fór yfir drög að dagskrá vikunnar. Sérstakar umræður Helga Hrafns um eðli þjóðaratkvæðagreiðslna verða á dagskrá í vikunni. Helgi Hrafn gerði grein fyrir því sem fram fór fundi forsætisnefndar og greindi frá nýskipuðum starfshópi um tölvutækt snið þingskjala.

### **4. Bréf af nefndafundum**

Birgitta greindi frá opnum fundi í efnahags- og viðskiptanefnd í morgun um störf peningastefnunefndar. Þingflokkurinn ræddi málið. Helgi Hrafn greindi frá því að þingsályktunartillagan um aðild Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu var send til umsagnar í utanríkismálanefnd. Rætt var um dagskrá fundar allsherjar- og menntamálanefndar á morgun þar sem m.a. LÍN frumvarpið, aðgerðaráætlun um málefni innflytjenda og frumvarp um meðferð sakamála (skilyrði fyrir beitingu símahlustunar) verða til umræðu.

### **5. Fyrirspurn um afturvirka greiðslu til aldraðra og öryrkja**

Guðjón svarar erindinu.

### **6. Önnur mál**

Ákveðið var að tilnefna Herbert Snorrason á sviðsmyndafund Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Haft var samband við Herbert og var koma hans staðfest. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 13.50.